

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2008 skv. gjaldskrá þessari. Sorpgjald íbúða og lögbýla skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald íbúða er kr. 14.000 fyrir árið 2008. Til viðbótar við sorpgjald íbúða greiðir hvert lögbýli þar sem búskapur er stundaður kr. 7.000 fyrir árið 2008.

3. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum eru sem hér segir (án virðisaukaskatts):

Blandaður úrgangur	5,30 kr./kg
Kjöt- og sláturúrgangur	7,20 kr./kg
Fiskúrgangur	7,20 kr./kg
Matarleifar	7,20 kr./kg
Timbur óflokkað	3,50 kr./kg
Timbur flokkað	2,60 kr./kg
Garðaúrgangur	3,50 kr./kg
Gras án aðskotahluta	1,00 kr./kg
Dagblöð, tímarit og pappír	5,00 kr./kg

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 21. nóvember og 19. desember 2007 er sett samkvæmt ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur gildi 1. janúar 2008 og kemur í stað gjaldskrár sama efnis frá 19. desember 2006.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra afgreitt ofangreinda gjaldskrá 9. janúar 2008.

Hörgárbyggð, 15. janúar 2008.

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 31. janúar 2008